

Um skilnaði og stjúptengsl

Valgerður Halldórsdóttir. (2012). *Hver er í fjölskyldunni? Skilnaðir og stjúptengsl*. Reykjavík: Vaka-Helgafell. 225 bls.

INNGANGUR

Bók Valgerðar Halldórsdóttur *Hver er í fjölskyldunni? Skilnaðir og stjúptengsl* kom út á síðasta ári hjá Vöku-Helgafelli. Í henni er leitast við að varpa ljósi á margbreytileika stjúpfjölskyldna en jafnframt draga fram hvað þær eiga sameiginlegt. Markmið bókarinnar er að efla skilning á viðkvæmni stjúptengsla, ryðja fordómum úr vegi og styrkja stöðu stjúpfjölskyldna. Í formála rekur Sigrún Júlíusdóttir prófessor þátt höfundarins, Valgerðar Halldórsdóttur, sem brautryðjanda í málefnum stjúpfjölskyldna. Valgerður er menntaður félagsráðgjafi og á jafnframt að baki viðbótarnám í kennslu- og uppeldisfræði og stjórn málafræði. Bókin ber þess merki að höfundur hefur mikla meðferðarreynslu, hún hefur mörg dæmi á takteinum og á auðvelt með að gera flókið efni aðgengilegt með dæmum – helst að dæmin séu svo flókin að maður sjái aldrei til botns í þessu grugguga vatni – en kannski er það einmitt staðan?

Höfundur vitnar til íslenskra og erlendra fræðimanna til að rökstyðja mál sitt. Fræðileg umfjöllun er ekki djúp en heimildir eru margar, sbr. heimildaskrá, og gefa áhugsömum lesendum möguleika á að kafa dýpra í fræðin.

Bókinni er ætlað að höfða til breiðs hóps, bæði almennings og fagfólks sem vinnur með fjölskyldur, svo sem félagsráðgjafa, kennara, þroskaþjálfara, presta og lögfræðinga, og er hagnýtt gildi hennar ótvírætt.

UPPBYGGING BÓKARINNAR

Bókinni er skipt í tíu kafla auk formála, inngangs, tilvísanaskrár og heimildaskrár.

Uppbygging bókarinnar er aðgengileg. Ítarlegt efnisyfirlit er yfir kaflana tíu auk allra undirkaflanna. Kaflarnir hefjast allir á spurningum sem höfundur leitast síðan við að svara og geta þær einnig nýst vel í umræðuhópum og í vinnu með fjölskyldum.

Í lok hvers kafla eru síðan íhugunarefni sem einnig má líta á sem hagnýt ráð og geta verið góður grunnur að umræðu, bæði meðal fagmanna og í para- og fjölskyldumeðferð. Hinar fjölmörgu spurningar og íhugunarefni glæða bókina lífi og gera annars erfitt og viðkvæmt efni aðgengilegt til umræðu. Auk þessa eru víða í köflum bókarinnar afmarkaðir reitir með góðum ráðum fyrir lesendur, auk allra dæmanna.

Gott flæði er í bókinni, helst að kaflarnir fljóti hver inn í annan enda erfitt að greina á milli efnisþátta í þessum flóknu samskiptum. Útlit bókarinnar er smekklegt og myndskreytingar Sigmundar B. Þorgeirssonar í upphafi hvers kafla eru lýsandi (með gamansömu ívafi) fyrir innihald kaflans. Nokkrir hnökrar eru í uppsetningu; til dæmis vantar kaflaheiti efst á síðu í þriðja kafla og yfirlestur hefði þurft að vera nákvæmari á nokkrum stöðum.

Í fyrsta kafla bókarinnar, *Í „stjúþblindu“ samfélagi*, gerir höfundur tilraun til að skýra þetta flókna fyrirbæri. Hún bendir á að hugtakið stjúþfjölskylda sé ekki að finna í íslenski orðabók og heldur ekki á vef Alþingis né Hagstofunnar, en í orðabókinni séu hins vegar orðin stjúþfaðir og stjúþmóðir. Hún vill bæta úr þessu og setur fram skilgreiningu: „Stjúþfjölskylda er fjölskylda þar sem annar eða báðir aðilar sem til hennar stofna eiga barn eða börn með öðrum aðila/um“ (bls. 20). Hugmynd hennar er sú að forskeytið stjúþ- lýsi tengslum og beri að líta á stjúþfjölskyldur út frá því sjónarhorni. Valgerður rökstyður þá skoðun sína að samfélagið sé stjúþblint með vísan í það að stjúþtengsl hafi nánast verið ósýnileg í opinberri stefnumótun og að við markaðssetningu séu upplýsingar oft ekki greindar eftir fjölskyldugerð eða ekki sé tekið tillit til ólíkra þarfa stjúþfjölskyldna. Í kaflanum er mikið magn upplýsinga, tölfræðileg yfirlit, myndir og töflur auk allra tilvitnananna í viðmælendur og er umfjöllunin mjög breið. Ættu bæði fræðimenn og leikmenn að geta fundið þarna efni til að vinna með. Þar sem drepíð er á svo margt verður umfjöllunin nokkuð yfirborðskennd og í því liggur helsti vandi höfundar, að reyna að koma til móts við þarfir jafnt leikmanna sem lærðra.

Í öðrum kafla, *Fjölskyldan er eins og órói – Allar breytingar hafa mest áhrif í fyrstu*, er áhersla lögð á að skoða fjölskylduna sem kerfi og skýra að breytingar hafi áhrif á alla í kerfinu og er óróalíkingin þekkt og vel til þessa fallin. Kaflinn er borinn uppi af dæmisögum og eru mörg dæmin óþægileg lýsing á breyskleika manna. Valgerður reynir þó að halda jafnvægi og gefur meðal annars ráð sem nýta má við lausn ágreinings (bls. 58). Staða barnanna og fyrrverandi maka er til umfjöllunar og áhersla lögð á að þegar ný fjölskylda er stofnuð þurfi að vinna undirbúningsvinnu og gefa nýju fjölskyldunni tíma (meðgöngutíma).

Í þriðja kafla bókarinnar, *Hans eða hennar (fyrirverandi) að eilífu?*, eru samskipti í brennidepli. Gæði samskipta við *fyrirverandi* hafa bein áhrif á börnin og aðlögun fjölskyldunnar. Valgerður gefur ótal dæmi með lýsingum um það sem miður fer og rekja má til óuppgerðra tilfinninga, sárinda og hefndar þar sem brennd manneskja er að byrja nýtt samband. Dæmisögurnar lýsa miklum tilfinningaflækjum og jafnvel skertri foreldrafærni. Í því sambandi bendir hún á að mikilvægt sé að ljúka tilfinningalegum skilnaði og viðurkenna að sambandi sé lokið ef fjölskyldan á að eiga möguleika á farsælli framtíð. Enn leggur Valgerður sitt af mörkum til að leita lausna og birtir lista með atriðum sem einkenna góða foreldrasamvinnu og er gott innlegg í bætt samskipti foreldra (bls. 79).

Í fjórða kafla, *Hver tilheyrir fjölskyldunni?*, er sjónum beint að breytingum sem verða á fjölskyldum í kjölfar skilnaða og að munur er á skilgreiningum opinberra aðila, fullorðinna og barna. Skilgreining samfélagsins á því hverjir tilheyrja fjölskyldu og hverjir ekki getur haft áhrif á viðhorf fjölskyldunnar til sjálfrar sín (bls. 87). Að vera talinn tilheyrja fjölskyldu getur verið vísbending um vægi manns og að sama skapi getur það að vera ekki talinn tilheyrja fjölskyldu leitt til þess að maður upplifi sig útundan. Ruglingur getur síðan skapast við ólík skilaboð, að sumir telji mann tilheyrja fjölskyldunni en aðrir ekki. Myndræn uppsetning fjölskyldutengsla er leið til að nálgast þessi flóknu tengsl og bendir Valgerður á að hið hefðbundna fjölskyldutrú líkist nú meira fjölskyldurunna með rótarskotum hingað og þangað.

Í fimmta kafla, *Er hann líka bróðir minn? – Systkinatengsl í stjúpfjölskyldum*, er haldið áfram að skoða hverjir tilheyrja fjölskyldunni og nú eru systkinatengsl í brennidepli. Margvíslegar breytingar geta orðið á lífi barna við að eignast stjúpsystkini og hálf-systkini. Hér sem fyrr er Valgerður með mikið af dæmum og þarna ægir saman jákvæðum og neikvæðum sögum frá börnum og fullorðnum þannig að öll sjónarhorn virðast koma fram. Um leið verður efnið svolítið ruglingslegt, en flestir ef ekki allir sem hafa reynslu af stjúpfjölskyldum ættu að finna þarna dæmi sem fellur að þeirra eigin reynslu. Bent er á að hægt er að hafa töluverð áhrif á það hvernig samskiptum er háttað, en einnig lögð áhersla á einstaklingsmun og að hafa þurfi í huga aldur, persónuleika, þroska og kyn þegar samskipti barna eru skoðuð. Undir lok kaflans (bls. 108) er sett fram hugmynd að fjölskyldumóti eins og börnin skilgreina fjölskyldur sínar og þannig sé stutt við tengsl fjölskyldumeðlima. Síðan mætti skoða gestalistann og út frá honum skoða skilgreiningu viðkomandi á fjölskyldu sinni. Þessi hluti hefði átt betur heima í fjórða kafla þar sem fjallað var um það hverjir tilheyrja fjölskyldunni.

Í sjötta kafla, *Í hvaða líði ertu? – Hollustubönd*, er fjallað um hollustu í stjúpfjölskyldum og mörg dæmi tekin. Í stjúpfjölskyldum er alltaf möguleiki á að ef einum aðila er sýndur stuðningur eða ást upplifi annar að eitthvað sé frá honum tekið. Hætta er á að foreldri finnist það vera milli tveggja elda og erfitt sé að gera nokkrum til hæfis. Hollustuklemmur geta komið upp í öllum fjölskyldum og hópum og eru samkvæmt höfundu algengar í stjúpfjölskyldum vegna þess ójafnvægis sem skapast í þríhyrnings-tengslum (bls. 117) þegar tveir aðilar ætlast til að sá þriðji styðji sig gegn hinum. Dæmin gefa til kynna að börnin líði vegna þess að fullorðna fólkið hafi ekki gert upp mál sín. Bæði börn og fullorðnir geta verið mikilvæg í lífi hvers annars þó blóðbönd tengi þau ekki og leggur Valgerður áherslu á að það er á ábyrgð hinna fullorðnu að skapa traust hollustubönd. Undir lok kaflans er komið inn á hlutverk afa og ömmu, hollustu þeirra gagnvart barnabörnum og stjúpbarnabörnum og óvissu sem einatt litar þessi samskipti.

Titill sjöunda kafla er *Þú verður að elska börnin mín! – Óraunhæfar hugmyndir*. Fjallað er um væntingar fólks og leitast er við að fræða það og hjálpa því að þekkja viðbrögð við missi. Dregin er fram kenning um sorgarferlið og viðbrögð barna við skilnaði foreldra. Þá er einnig bent á að stjúpforeldri hefur ekki haft sama tækifæri og foreldri til að bindast barni tilfinningaböndum frá fæðingu og því eðlilegt að tengslin geti verið með öðrum hætti. Einnig er komið inn á að fullorðnir vilji að börn segi hvernig þeim

líður en jafnframt bent á að börnum sé eðlilegra að sýna líðan sína með hegðun. Í lok kaflans er sýnd tafla sem lýsir þroskastigum stjúp fjölskyldunnar (bls. 157) þar sem lýst er fimm stigum sem fjölskyldan fer í gegnum og einnig eru dæmi um viðbrögð á hverju stigi. Að þekkja stigin getur verið gagnlegt og auðveldað stjúp fjölskyldum að komast í gegnum erfið tímabil.

Í áttunda kafla, *Hlutverk stjúpforeldra – Barnapía, frænka, frændi eða foreldri?*, er fjallað um hlutverk í stjúp fjölskyldum en um þau virðist oft ríkjá óvissa. Ef til vill er þetta þýðingarmesti kafli bókarinnar, því að ef fjölskyldumeðlimir þekkja hlutverk sín og eru sáttir og öruggir í þeim fer minna fyrir öðrum vandamálum í fjölskyldunni. Í kaflanum eru sett fram helstu ágreiningsefni og erfiðleikar sem birtast í stjúp fjölskyldum, þ.e. væntingar og óvissa eða ósamstaða um hlutverk í nýjum samböndum. Bent er á að finna þurfi viðeigandi hlutverk fyrir stjúpforeldri í fjölskyldunni og gera ráð fyrir að hlutverkin geti tekið breytingum og einnig að það tekur tíma, bæði fyrir fullorðna og börn, að finna hlutverk. Gott samkomulag um umgengni auðveldar skilgreiningu á hlutverki. Óræddar væntingar hafa áhrif á heimilislífið og óvissa um hlutverk hefur áhrif bæði á börn og fullorðna. Góð leið til að vinna með þessi mál er að halda „fjölskyldufundi“ eða „heimilisfundi“ og gefur Valgerður góð ráð í þá átt (bls. 163–164). Loks er fjallað um aga og mikilvægi þess að stjúpforeldri beri ábyrgð á samskiptum við barnið, að virða mörk þess og gefa tíma. Góð ráð um beitingu aga eru sett fram á bls. 179 og eru enn eitt dæmið um hagnýtt gildi bókarinnar.

Níundi kaflinn, *Hver borgar hvað fyrir hvern?*, er mjög hagnýtur kafli og jafnframt mikilvægur þar sem fjármál koma oft af stað miklum deilum. Í kaflanum eru mikilvægar upplýsingar um erfðamál, fjárhagslega þátttöku stjúpforeldra með forsjá, mikilvægi lögheimilis og fleira. Einnig bendir Valgerður á að átök um peninga séu oft ekki vegna skorts heldur ráðstöfunar þeirra. Þá er einnig sýnt fram á tengingu fjármuna og hollustu og að skipting fjármuna milli fjölskyldumeðlima geti verið vísbending um það hvert hollustan beinist í fjölskyldunni. Þarna er, eins og fyrr, brýnt að samskipti séu opin og varað er við að fela útgjöld og láta maka til dæmis ekki vita af peningagjöfum.

Tíundi og síðasti kafli bókarinnar, *Hátíðir í stjúp fjölskyldum*, fjallar um mjög áþreifanleg málefni. Hverjir í fjölskyldunni eiga að gefa hverjum gjafir? Í hvaða boð á að fara? Fjallað er um eignarétt barna og vísað til umboðsmanns barna og erinda sem honum hafa borist. Þó kaflinn sé aðeins fimm blaðsíður tekur hann á mjög mikilvægu máli sem veldur álagi í stjúp fjölskyldum.

NIÐURLAG

Með bókinni *Hver er í fjölskyldunni? Skilnaðir og stjúp tengsl* bætist við ný og áhugaverð þekking í fyrsta heildstæða verkinu um stjúp tengsl á íslensku. Höfundurinn hefur mikla reynslu af málefnum stjúp fjölskyldna og ber bókina vitni um það. Framsetning efnis er aðgengileg; Valgerður setur fram hagnýta umræðupunkta, spurningar og gátlista á skiljanlegu máli og allt hefur þetta að markmiði að stuðla að góðri foreldrasamvinnu og hjálpa fólki að finna nýjar leiðir til að takast á við fjölskyldulífið á upp-

byggilegan máta. Þetta styður hún með vísan í fræðilegar heimildir. Nokkuð skortir þó á nákvæmni í meðferð og skráningu heimilda og er tilvísun 62 eitt dæmi, en þar er bein tilvísun ekki skráð sem slík, auk þess sem höfundar er ekki getið og titill sóttur í undirfyrirsögn á heimasíðu.

Bókinni er ætlað að þjóna breiðum hóp, hagnýtt gildi hennar er ótvírætt og allir sem eru í þessum sporum ættu að finna tengingu sem þeir geta nýtt sér á einhvern hátt. Dæmin eru heiðarleg og trúverðug enda fengin úr hópastarfi með stjúpforeldrum. Ekkert er verið að fegra hlutina en ekki heldur verið að velta sér upp úr ljótleika aðstæðna og lýsa dæmin og reynslusögurnar oft miklum átökum. Á heildina litið er þetta hagnýt bók með fræðilegu ívafi sem stjúpfjölskyldur og meðferðaraðilar geta sótt í fróðleik og er fengur að slíku efni á íslensku.

UM HÖFUNDINN

Ingibjörg H. Harðardóttir (ingihar@hi.is) er lektor í sálfræði við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Hún er menntaður kennari og sérkennari, auk þess að vera löggiltur klínískur barnasálfræðingur. Helstu fræða- og rannsóknarsvið Ingibjargar tengjast ofbeldi á heimilum annars vegar og sálfræði öldrunar hins vegar.